

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Fundargerð

Yfirskrift / efni: 9. fundur stjórnar KLÍ, 2012-2013
Staðsetning: Skrifstofu KLÍ
Hvenær: Miðvikudagur 5.12.2012 kl. 17:30

Þátttakendur: Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMÞ) formaður
Heiðar Rafn Sverrisson (HRS)
Linda Hrönn Magnúsdóttir (LHM) varamaður
Ingi Geir Sveinsson (IGS)
Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður
Höskuldur Höskuldsson (HH)
Sigurbjörn St. Vilhjálmsson (SSV) starfsmaður KLÍ

Boðuð forföll: Ólafur Páll Vignisson (ÓPV)
Karenina Kristín Chiodo (KKC) varamaður

Fjarverandi:
Fundarritari: HRS

Helstu mál:	Val á keilara ársins og íþróttamanni ársins, Jólaboð KLÍ, Önnur mál
-------------	---

Dagskrá fundarins:

1. Val á keilara ársins og íþróttamanni ársins:

Farið var yfir hverjir koma til greina sem keilari ársins í karla og kvennaflokki. Gengið var frá því vali á fundinum og mun ÞMP senda greinargerð um afrek þeirra sem valin voru á skrifstofu ÍSÍ, en nánari kynning á þeim verður í sameiginlegu hófi ÍSÍ og Samtaka íþróttafréttamanna þann 29. des. 2012.

Einnig var tekið fyrir erindi frá Kolbeini Tuma Daðasyni, íþróttafréttamanni 365 miðla, þar sem hann óskar eftir því að sérsambönd gefi þeim íþróttamönnum sem þeim finnst hafa skarðað framúr á árinu 2012 og gefi þeim einkunn frá 1-10. Niðurstöður mun hann nota til að bera saman við val íþróttafréttamanna á íþróttamanni ársins. Ákveðið var að fundarmenn skoði hver fyrir sig hverjir þeim finnst hafa skarað framúr á árinu og sendi sitt val á ÞMP í tölvupósti sem tekur saman niðurstöður úr því og sendir á Kolbein.

2. Jólaboð:

Rætt var um hvort stjórn vildi halda í þá hefð að halda árlegt jólaboð fyrir stjórn KLÍ og voru fundarmenn sammála um að leggja þann sið af.

3. Önnur mál:

ÞMP kynnti áform Íþróttafélags heyrnarlausra (ÍFH) um að halda alþjóðlegt keilumót heyrnarlausra í Keiluhöllinni Öskjuhlíð 5-7. sept. 2013. Ákveðið að ÞMP verði í sambandi við formann ÍFH um það hvernig KLÍ geti sem best aðstoðað við undirbúning og framkvæmd mótsins.

Fram kom að senda þarf inn umsóknir í Afreksmannasjóð ÍSÍ og Styrktarsjóð ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna fyrir áramót og mun ÞMP sjá um að senda inn umsóknir um styrki í þessa sjóði.

ÞMP óskaði eftir upplýsingum frá IGS um hvort senda ætti keppendur á Evrópumót unglinga næsta vor og svaraði IGS því til að það stæði til og undirbúningur á því væri hafin.

Vegna þátttöku unglinga í Evrópumóti unglinga næsta vor þarf að færa næstsíðustu umferð í deildarkeppni liða aftur um tvær vikur og verður síðasta umferðin spiluð laugardaginn þar á eftir.

ÞMP óskaði eftir því að KLÍ tæki þátt í símakostnaði hjá sér á móti Keiludeild ÍR, þar sem mest allur símakostnaður hans væri vegna vinnu fyrir þessa aðila og samþykkti stjórn það.

HH óskaði eftir skýringum á því hvernig staðið var að frestun á leik ÍA og ÍR-KLS, en þeim leik var frestað aftur þegar í ljós kom að leikdagur sem samþykktur var af mótanefnd gekk ekki upp vegna þátttöku leikmanns ÍR-KLS í AMF móti í Póllandi. HH hafði fengið ábendingu um að ekki mætti fresta leik aftur eftir að mótanefnd var búin að setja á nýjan leikdag vegna fyrri frestunar. HRS skýrði frá ákvörðun mótanefndar þar sem fram kom að mótanefnd mætti fresta leiknum aftur þar sem bæði lið hafi verið því samþykkt og sótt var um með meira en 7 sólarhringa fyrirvara og að ákvæði í Reglugerð fyrir Íslandsmót liða ætti eingöngu við ef mótanefnd hefði þurft að setja leik á þar sem liðin náðu ekki samkomulagi um nýjan leikdag.

HRS óskaði eftir því að síðasta fundargerð yrði rædd, en fram hafði komið athugasemd við hana frá SSV, þar sem hann telur að orðalag vegna ábyrgðar starfsmanns á leikskýrslum ekki ganga upp. Fundarmenn skýrðu hvað átt væri við, og eftir þá umræðu var fallist á að fundargerð standi óbreytt.

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 19:05.
Næsti fundur hefur ekki verið ákveðin.